



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Reglur um akstursþjónustu við fólk með fötlun í Sveitarfélaginu Árborg

Innihald

1.gr. Markmið akstursþjónustu fyrir fólk með fötlun	2
2. gr. Notendur	2
3. gr. Umsóknir	3
4. gr. Afgreiðsla	3
5.gr. Málskot til velferðarnefndar	4
6.gr. Málskot til úrskurðarnefndar	4
7. gr. Undanþágur	4
8.gr. Tilhögun ferða og þjónustutími	5
9.gr. Aðrir farþegar og aðstoðarmenn.....	5
10.gr. Gjaldskrá	6
11.gr. Öryggi	6
12.gr. Gildistaka	6

1.gr. Markmið akstursþjónustu fyrir fólk með fötlun

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fólk með fötlun.

Markmið þessara reglna er að tryggja fólki með fötlun í Sveitarfélaginu Árborg skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins til að komast leiðar sinnar innan sveitarfélagsins Árborgar.

2.gr. Notendur

Akstursþjónusta fyrir fólk með fötlun er ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu Árborg sem uppfylla skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og að þeir eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

Umsækjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Að notandi geti ekki komist ferða sinna með sambærilegum hætti og ófatlaðir íbúar sveitarfélagsins vegna langvarandi fötlunar sinnar.
- b. Hafi fatlaður einstaklingur átt rétt á að nota akstursþjónustu fatlaðs fólks fyrir 67 ára aldur á hann rétt á þeirri þjónustu eftir 67 ára nema ef viðkomandi dvelur á hjúkrunarheimili, dvalarheimili eða sjúkrahúsi samanber 23 gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1998.

Fólk með fötlun, sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu, geta sótt um ferðaþjónustu og skal hún veitt ef lögheimilissveitarfélagið greiðir fyrir allan kostnað vegna aksturs. Skal samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir áður en þjónusta er veitt.

3.gr. Umsóknir

Sækja skal um akstursþjónustu með rafrænum hætti á Mínum síðum á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar eða með skriflegri umsókn hjá þjónustuveri sveitarfélagsins í Ráðhúsinu. Umsókn telst ekki gild fyrr en öll gögn sem óskað er eftir hafa borist s.s. læknisvottorð eða greining á fötlun.

Akstursþjónusta fyrir börn

Forsjáraðilar barna með fötlun sækja um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn.

Barn yngra en 6 ára skal ávallt vera í fylgd með fullorðnum einstaklingi þegar ferðast er með akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð forsjáraðila að útvega hann.

Reglur þessar taka ekki til skólaakstur barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allar þær ferðir sem barnið þarf að fara á skólatíma og er hluti af skólastarfi, svo sem ferðir í íþróttir, sund og aðra viðburði á vegum skólans.

Þurfi barnið hins vegar að fara til sérfræðings vegna fötlunar sinnar á skólatíma fellur það undir akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

Akstursþjónusta fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga

Akstursþjónusta fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga er þríþætt:

Leigubíla akstur innan Sveitarfélagsins Árborgar.

Leigubíla akstur innan Reykjavíkur samkvæmt samning við Blindrafélagið.

Með sérútbúin bifreið fyrir fatlað fólk.

4.gr. Afgreiðsla

Umsóknir eru teknar fyrir á afgreiðslufundi og skulu metnar á grundvelli mats umsækjanda til að komast ferða sinna með öðrum hætti en með sértækri ferðaþjónustu. Við afgreiðslu umsókna er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum. Niðurstöður afgreiðslufundar skal kynnt umsækjanda eða forráðamanni hans, bréflega innan fjögurra vikna frá því að umsókn barst

Telji notandi/umsækjandi á rétt sinn hallað, samkvæmt reglum þessum, er honum heimilt að vísa ákvörðun Velferðarþjónustu Árborgar til félagsmálanefndar Árborgar, innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðunina. Ákvörðun félagsmálanefndar má vísa til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, skv. 3. tl.

1. mgr. 64. gr. laga nr. 40/1991.

Ákvörðun Velferðarþjónustu Árborgar skal kynnt umsækjanda skriflega og honum jafnframt kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 5.gr. Reglna þessara.

5.gr. Málskot til velferðarnefndar

Synjun um akstursþjónustu má skjóta til Velferðarnefndar Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

6.gr. Málskot til úrskurðarnefndar

Ákvörðun Velferðarnefndar Árborgar má skjóta til Úrskurðarnefndar Velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Málskot frestar að jafnaði ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar.

7.gr. Undanþágur

Sækja má um undanþágu frá ákvæði 1. mgr. um akstur út fyrir mörk sveitarfélagsins. Beiðni um undanþágu skal vera skrifleg, ásamt ítarlegri lýsingu á ástæðum undanþágubeiðinnar. Heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum.

Við mat á undanþágubeiðni skal taka tillit til tilefnis og mikilvægi ferðar fyrir notandann og kostnaðar fyrir sveitarfélagið. Gæta skal samræmis við veitingu undanþágu og skal undanþága að jafnaði ekki veitt nema notandi geti ekki komist á áfangastað með öðrum hætti en sérútbúinni bifreið ferðarþjónustunnar, um sé að ræða þjónustu sem notandi getur ekki fengið innan marka sveitarfélagsins og brýn þörf sé fyrir þjónustu.

Um gjaldtöku vegna ferða út fyrir mörk sveitarfélagsins fer eftir gjaldskrá ferðarþjónustuaðila til sveitarfélagsins og greiðir notandinn helming gjaldsins.

8.gr. Tilhögun ferða og þjónustutími

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan marka Sveitarfélagsins Árborgar. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Við sérstakar aðstæður skulu bílstjórar aðstoða notendur í og úr bifreið.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir tögum eða breytingum á þjónustu, svo sem vegna akstursáætlunar, færðar og umferðartafa á annatímum.

Notandi skal ver tilbúinn í anddyri á brottfararstað á umsömdum tíma.

Tilkynningum um breytingar á ferðum og/eða afþöntun ferða skal beina til akstursaðila sem skal sjá um skipulagningu ferða.

Þjónustuver akstursaðila er opið sem hér segir:

Virka daga frá kl. 7:00 til kl. 17:00

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:00 til kl. 14:00

Þjónustutími akstursþjónustu er sem hér segir:

Virka daga frá kl. 7:30 til kl. 24:00.

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 10:00 til kl. 24:00.

Þegar fatlaður einstaklingur dvelst tímabundið utan lögheimilissveitarfélags síns hefur hann aðgang að akstursþjónustu samkvæmt samkomulagi sem dvalarsveitarfélag og lögheimilissveitarfélag gera sín á milli. Tímabundnar aðstæður eru til að mynda þegar einstaklingar sækja sérhæfða endurhæfingu.

9.gr. Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega, enda greiði notandinn þá sama fargjald fyrir hann. Börn undir grunnskólaaldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert.

Sé það mat velferðarþjónustu Árborgar að notandi geti ekki ferðast einsamall og þarfnist aðstoðarmanns samkvæmt stöðluðu mati velferðarþjónustunnar skal það skráð og notandi og akstursþjónustuaðili upplýstir.

Kostnaður vegna aðstoðarmanns skal greiddur af viðkomandi sveitarfélagi og greiðir hann ekki fargjald.

10.gr. Gjaldskrá

Fargjöld notenda fyrir akstursþjónustu, þ.e. fyrir fasta ferð, tilfallandi ferð og aðra farþega, taka mið af hálfu almennu fargjaldi Strætó bs. hverju sinni. Ef ferð er ekki afbókuð með sólarhringsfyrirvara er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá af notanda.

11.gr. Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fólks með fötlun skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fólk með fötlun..

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fyrir fólk með fötlun skal hafa aukin ökuréttindi, sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðarstjórnnum fólksflutningabíla. Fyrir ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu fyrir fólk með fötlun sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Bílstjórar skulu sýna notendum virðingu, tillitssemi, trúnað og kurteisi.

12.gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar skv. 29.gr. Laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og III. Kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig var stuðst við leiðbeinandi reglur Félagsmálaráðuneytis fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu við fatlað fólk frá 22. apríl 2020. Reglur þessar taka gildi við samþykkt í bæjarstjórn og á að endurskoða þær á tveggja ára fresti

Uppfærsla á reglum þessum voru samþykktar á fundi Velferðarnefndar þann 28.11.2024 og vísað til bæjarstjórnar Árborgar. Reglur þessar voru staðfestar með breytingu á fundi bæjarstjórnar Árborgar þann 04.12.2024.



Sveitarfélagið
ÁRBORG